FANGBRÖGÐ VIÐ TÍMANN

Tími – fresta flugi þínu er yfirskrift viðamikillar sýningar á verkum þekktra erlendra og íslenskra listamanna sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. HÁVAR SIGURJÓNSSON kynnti sér sýninguna í fylgd Eiríks Þorlákssonar og Ágústu Kristófersdóttur.



George Maciunas. One Year 1972.

Morgunblaðið/Sverrir

SÝNINGIN Tími – fresta för þinni er hvorki heimspekileg né vísindaleg úttekt á tímanum í listinni og ekki heldur fjölfræðileg sýning á fyrirbrigðinu. Hún er úrval einstakra listaverka sem hafa tímann að þema, bæði að inntaki og myndrænt. Sýningin er fagurfræðileg heild með tilvísanir í ólík söguleg tímabil listasögunnar. Slík sýning hlýtur að vera einföldun á svo umfangsmiklu og stórbrotnu viðfangsefni. Og það sem meira er: slík sýning felst alltaf í endurbyggingu og getur aldrei orðið annað en mótsagnakenndur vitnisburður, því í eðli sínu „drepur myndin og sýningin tímann". Þannig farast Gunnari B. Kvaran, forstöðumanni Listasafnsins í Björgvin, orð í inngangi veglegrar sýningarskrár en sýningin Tími – fresta för þinni er samvinnuverkefni Listasafna Reykjavíkur og Björgvinjar, báðar útnefndar Menningarborgir Evrópu 2000 og er þetta framlag listasafnanna tveggja til menningarársins. Sýningin kemur hingað frá Björgvin þar sem hún var opin frá 7. apríl til 14. maí og verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag og stendurtil 8. október. Meðal listamanna sem verk eiga á sýningunni eru Dieter Roth, Kristján Guðmundsson, Felix Gonzales-Torres, Lawrence Weiner, Joseph Kosuth, Tehcing Hsieh, Christian Boltanski, On Kawara, Per Kirkeby, Yoko Ono, Dennis Oppenheim, Andres Serrano, Christo og Claude Rutault.

Tíminn frá ýmsum hliðum

Á sýningunni er tímahugtakið skoðað út frá ýmsum sjónarhornum en þó aðallega út frá *tímaferli listaverksins* sem bregður t.d. ljósi á listaverk Christo og Jeanne-Claude, er líta á listaverkið sem ferli, sem felur í sér undirbúning, skipulag, gerð og skráningu.

Tíma listamannsins sem er táknrænt yfirlit yfir listferil Romans Opalka sem síðustu áratugi hefur í verkum sínum skráð sinn eigin tíma, með því að telja hann niður. *Tímasýn* sem fjallar um það hvernig listamenn hafa sýnt tímann í verkum sínum. Má þar m.a. nefna konseptlistamennina On Kawara, Joseph Kosuth og Kristján Guðmundsson. Landlistargönguverk Richards Longs og Sólarverk Rogers Acklings falla undir sama hatt og sömuleiðis sýning Hsiehs sem lýsir tímanum í lífi hans frá þeim degi sem hann gekk út úr íbúð sinni og til þess dags er hann sneri aftur, einu ári síðar. *Tíma sem byggingarlegum hluta* listaverksins, þar sem tíminn er gerður að raunverulegum og virkum þætti í listaverkinu með því að leyfa hreyfingu, ferli og hrörnun taka fram fyrir hendur listamannsins. Verk Claude Rutault, sem hefur orðið fyrir barðinu á skemmdarvörgum í undirgöngum Reykjavíkur eru dæmi um þetta sem og verk Yoko Ono og Dieter Roth.

Tímans tákn í byggingum sem er sérstakt framlag Listasafns Reykjavíkur, unnið af byggingarlistardeild safnsins þar sem Kjarvalsstaðir eru skoðaðir út frá sambúð safnsins og tímans.


Raunverulegum tíma listaverksins sem stendur eðlilega utan sýningarinnar en er jafnframt hluti af henni. Hér er á ferð gjörningur sem listamaðurinn Magnús Pálsson mun fremja í Hafnarhúsinu í dag kl. 17 og 20.30 og ber yfirskriftina Þrígaldur þursavænn. Verkið er í fjórum köflum af hljóðum, atburðum og hljóðljóðum. Þátttakendur með Magnúsi eru alls 25 en vélknúnir leikmunir setja einnig sterkan svip á viðburðinn.

Ólík viðhorf til tímans

„Þetta er mjög fjölbreytt sýning og verk-

VERK HLAÐIN TILFINNINGU

Pólski listamaðurinn Roman Opalka, sem á verk á sýningunni Tími – fresta flugi þínu, hefur helgað sig því verkefni að skrá tölur á striga allt frá í byrjun ferils síns á sjötta áratugnum. HÁVAR SIGURJÓNSSON ræddi við Opalka um hina sérstæðu listsköpun hans, viðhorf til lífsins og um hugmyndirnar að baki list hans sem hann útlistar af óslökkvandi ástríðu.



„Tíminn er alltumlykjandi," segir Roman Opalka.

Morgunblaðið/Sverrir